



Til: velferðarnefndar Alþingis

Frá: Landspítala

Efni: Ábendingar og umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sóttvarnalögum, nr. 19/1997

Beðist er velvirðingar á að erindi þetta barst Alþingi ekki innan skilgreindra tímamarka umsagnarbeiðna. Landspítali leyfir sér þó að senda neðangreindar ábendingar og umsögn um framkomnar breytingar, en einnig átti fulltrúi spítalans sæti nefnd þeirri sem að endurskoðuninni kom og komu hluti þeirra sjónarmiða sem hér eru reifuð fram í nefndarvinnunni.

Fram hefur komið að endurskoðunin er takmörkuð en það er mat Landspítala að ástæða væri til að taka lög in til gagn Gerrar endurskoðun. Bent er á að æskilegt er að skýra yfirstjórn sóttvarna betur, þ.e. hlutverk sóttvarnalæknis annars vegar og landlæknis hins vegar gagnvart stjórnslulegri ábyrgð hvernig það fyrirkomulag fer saman við lög um landlækni og almannavarnir. Þá er ástæða til að skýra hlutverk sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnanna í faröldrum.

Loks er bent á að æskilegt væri að fjalla um sóttvarnahús og hlutverk slíkra, enda er það mat Landspítala að æskilegt væri að unnt væri að leggja þar inn fólk til sóttkvíar og einangrunar.

Til viðbótar eru ábendingar um orðalag í texta frumvarpsins;

1. Ferðamaður er skilgreindur sem einstaklingur á ferð milli landa, hvað um þá sem ferðast innan lands – eru þeir hættulausir „ekki ferðamenn“ þ.e. geta ekki borið neitt til eða frá t.d. höfuðborgarsvæðinu eða Akureyri?
2. Inngrip er skilgreint sem „götun eða skurður í húð, ísetning áhalds eða framandi efnis í líkamann eða rannsókn á líkamsholi...“ Landspítali leggur til að hér verði einnig tekið til slímhúða.
3. Skilgreining á sótthreinsun er ekki fullnægjandi. Sótthreinsun er ferli sem óvirkjar eða drepur flestar örverur en vinnur ekki á sporum. Sótthreinsun húðar fer fram með efnum en sótthreinsun umhverfis og hluta fer fram með efnum eða hita. Árangursrík sótthreinsun byggir á góðri hreinsun.
4. Athugasemdir eru gerðar við að einstaklingar sem ekki halda sóttkví séu vistaðir á sjúkrahúsi ef þeir halda ekki sóttkví samfélagi. Innlögn á sjúkrahús þarf að vera í samræmi við þörf einstaklings vegna ástands hans.
5. Bent er á möguleg víðtæk áhrif eftirfarandi setningar; „kveðið er á um að einstaklingur skuli leita læknis án tafar hafi hann ástæðu til að halda að hann hafi smitast af smitsjúkdómi sem ógnað geti öðrum mönnum“. Ber svo að skilja þetta svo að allir með flensulík einkenni skuli leita læknis, sem og allir með uppköst og niðurgang og einkenni hinna ýmsu umgangspesta sem ganga reglulega yfir árið? Væntanlega er hér átt við alvarlega smitsjúkdóma sem geta dreifst milli manna og haft áhrif á lýðheilsu.

